

Tillögur að lagabreytingum á aðalfundi hjá Framför 27. maí 2021

5. gr. Rekstur og fundir

Grunnur að starfsemi félagsins eru þrír stuðningshópar.

1. Frískir menn – menn sem hafa greinst með BHKK, hafa ekki farið í meðferð og eru í Virku eftirliti.
2. Góðir hálsar – menn sem hafa greinst með BHKK og hafa farið í meðferð.
3. **Traustir makar– einstaklingar tengdir BHKK greindum mönnum sem vilja veita stuðning.**

Stjórn félagsins getur ráðið starfsmann til að sjá um rekstur á skrifstofu fyrir félagið. Starfsmaðurinn ber ábyrgð á rekstri skrifstofunnar gagnvart stjórn. Stjórn hefur eftirlit með starfsemi félagsins og tryggir að hún sé í samræmi við lög félagsins, fjárhagsáætlun og markmið.

Halda skal sameiginlega fræðslufundi stuðningshópanna fjórum sinnum á vetri hið minnsta. Einstakir stuðningshópar geta hist þess á milli að eigin frumkvæði.

6.gr. Stjórn

Stjórn fer með málefni félagsins á milli funda. Stjórnin er skipuð sex stjórnarmönnum, formanni, gjaldkera, fulltrúum stuðningshópanna þriggja og meðstjórnanda.

Formaður og gjaldkeri sem jafnframt er varaformaður eru kjörnir til tveggja ára í senn hvor á sínu ári svo aldrei verði báðir nýir í stjórn. **Meðstjórnandi er kosinn til tveggja ára og heimilt að kjósa einn eða tvo varamenn.** **Fulltrúar stuðningshópanna þriggja, Frískra manna, Góðra hálsa og Traustra maka eða formenn hvers hóps eru kjörnir eru af sínum félögum.** Í hverjum stuðningshópi skal kosinn einn formaður og annar til vara. Formaður eða annar fulltrúi sem hópurinn tilnefnir gengur sjálfkrafa inn í stjórn Framfarar.

Stjórnin skipar nefndir til starfa fyrir félagsins eins og þurfa þykir.

Stjórnarfundir skal halda eigi sjaldnar en sex sinnum á ári. Skylt er að boða stjórnarfund ef tveir stjórnarmenn óska þess. Stjórnarfundur er ályktunarfær ef minnst þrír stjórnarmenn eða varmenn þeirra sækja fundinn.